

Spil 1

HM í Kína 2007.

Vestur gefur. N-S á hættu.

Norður

♠ Á1052
♥ Á4
♦ D109853
♣ Á

Vestur

♠ 94
♥ KD93
♦ 4
♣ G98765

Austur

♠ --
♥ G8652
♦ ÁKG82
♣ D43

Suður

♠ KDG8763
♥ 107
♦ 6
♣ K102

Vestur	Norður	Austur	Suður
pass	1 ♦ ¹⁾	1 ♥	1 ♠
4 ♥	4 ♠	pass	pass
pass			

(1) Standard eða Precision.

Sagngreining: Engin sögn er beinlínis röng, en suður er sá eini við borðið sem gat gert betur. Svárið á 1 ♠ er blæðandi, sýnir (4)5+ spaða og 6+ HP, en segir lítið meira. Teikn voru á lofti um harða sagnbaráttu (innákoma austurs og hættunar) og því átti suður að velja sögn til að lýsa spilum sínum í eitt skipti yfir öll—hann átti að ramma sig inn. Í venjulegum (og óræddum) kerfum er sú sögn 4 ♠. Slíkt stökk í fjóra ætti að sýna sjölit og 8-10 HP (en stökk í 3 ♠ er næsti bær fyrir neðan, 4-7 HP og sjölitur). Ef suður stekkur í 4 ♠ er með líkum fyrir norður að göslast í 6 ♠.

Í hnotskurn: Suður gaf blæðandi sögn þegar hann gat rammað sig inn.

Uppruni: HM í Kína 2007. Brasilíumaðurinn Gabriel Chagas stökk í 4 ♠ í leik við Ítali. Vestur sagði 5 ♥ og Villas-Boas 6 ♠. Á hinu borðinu sagði Bocchi 2 ♥ við hjartainnákómuni, sem sýnir spaðalit, en ekki nákvæmlega handgerðina. Duboin lét því 4 ♠ duga við 4 ♥ vesturs. Í kvennaflokki stökk Hjördís Eyþórsdóttir í 4 ♠, en makker hennar (Pollack) treysti sér ekki í slemmu og þær dobluðu fórn AV í 6 ♥. Franska konan D'ovidio stökk í 4 ♣, greinilega til að sýna þessa spilagerð nákvæmlega. Makker hennar sagði þá slemmuna óhikað.

Spil 2

HM í Sao Paulo 2009.

Norður gefur. Enginn á hættu.

Norður

♠ 3
♥ KDG86543
♦ 653
♣ 7

Vestur

♠ G864
♥ Á10
♦ ÁG84
♣ DG2

Austur

♠ ÁD10752
♥ 7
♦ D1092
♣ K6

Suður

♠ K9
♥ 92
♦ K7
♣ Á1098543

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	4 ♥	4 ♠	5 ♥
5 ♠	pass	pass	dobl
allir pass			

Sagngreining: Fyrstu tvær sagnirnir eru sjálfgefnar, opnunin á 4♥ og 4♠ austurs. En munur er á: opnunin er innrömmuð, en innákoman bæðandi á báðum vígstöðum, bæði hvað varðar styrk og litarlengd. Á þessum tímapunkti er suður í bestu aðstöðunni við borðið. Hann sér að 9-10 slagir séu líklegir í báðar áttir. Því kemur spánskt fyrir sjónir að hann skuli fara í vonlítinn samning (5♥), sem fórn yfir spili sem vel gæti tapast (4♠). En suður er einfaldlega að nýta aðstöðu sína til fullnustu. Það sem suður veit fyrir víst, hefur vestur ekki hugmynd um—*hvernig styrkurinn skiptist*. Sem þýðir að vestur þarf að *giska* yfir 5♥. Hvað svo sem vestur gerir þá á suður tvo möguleika af þremur til að hagnast á ákvörðun sinni: (1) þegar vestur doblar og 5♥ reynast góð fórn, (2) þegar vestur segir 5♠, sem fara einn niður.

Í hnotskurn: Fimm hjörtu er dæmigerð pressusögn—nákvæmlega rétti þrýstipunkturinn.

Uppruni: HM í Sao Paulo 2009, Ítalía og Bandaríkin. Á báðum borðum opnaði norður á 4♥ og austur sagði 4♠. Þar sem Fantoni/Nunes voru í NS voru 4♠ spilaðir: laufstungan tekin, tíu slagir. Hinum megin meldaði Meckstroth 5♥ við 4♠. Vestur fór í 5♠ og Meckstroth doblaði. Frábær árangur í sögnum, sem fór þó fyrir lítið þegar Meckstroth spilaði út ♥9: 11 slagir.

Spil 3

HM í Sao Paulo 2009.

Suður gefur. Enginn á hættu.

Norður

♠ ÁDG74

♥ 4

♦ 10

♣ KG10643

Vestur

♠ K

♥ 10983

♦ D652

♣ Á985

Austur

♠ 108

♥ ÁG752

♦ ÁG9743

♣ --

Suður

♠ 96532

♥ KD6

♦ K8

♣ D72

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	pass
pass	1 ♠ ¹⁾	2 ♠ ²⁾	2 G ³⁾
3 ♠ ⁴⁾	4 ♠	5 ♦	dobl
pass	5 ♠	pass	pass
pass			

(1) Standard eða Precision.

(2) Michaels: 5+5+ í hjarta og láglit.

(3) Góð hækkun í spaða.

(4) Góð hækkun í hjarta.

Sagngreining: Með lokaákvörðun sinni—að breyta 5♦/x í 5♠—fer norður úr +300 í -50. En þessi ákvörðun er tekin í samhengi við fyrri sagnir og rökrétt á þeim grunni. Sögnin vonda er 2G suðurs, til að sýna “alvöru hækkun” (limit+) í spaða. Þrátt fyrir fimmlitinn í spaða er suður með dæmigerð varnarspil—tvo líklega slagi á hjarta og mannsþil í báðum láglitum. Breytum ♥K í ♣Á og þá er sterka hækkunin rökrétt. En ekki hér. Betra er að dobla og lýsa yfir varnarsþyrk. Suður ætlar samt alltaf í 4♠, en ef hann doblar í upphafi getur hann betur haldið í skottið á makker síðar.

Í hnotskurn: Suður rammaði sig vitlaust inn.

Uppruni: HM í Sao Paula 2009. Leikur bandarísku sveitanna, USA I & USA II. Meckstroth og Rodwell voru í AV, Boyd og Robinson í NS. Það var Boyd sem sagði 2G, sem ég túlka sem “góða spaðahækkun” þótt aðferðin sé óvenjuleg.

Spil 4

HM í Sao Paulo 2009.

Suður gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ KG7
♥ 73
♦ ÁDG108
♣ 1065

Vestur

♠ ÁD984
♥ KD2
♦ 4
♣ K842

Austur

♠ 1062
♥ Á10986
♦ K2
♣ Á93

Suður

♠ 53
♥ G54
♦ 97653
♣ DG7

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	pass
1 ♠	2 ♦	3 ♦ ¹⁾	5 ♦
dobl	pass	pass	pass
pass			

(1) Góð spaðahækkun.

Sagngreining: Innákoma norðurs á móti pössuðum makker er vissulega vafasöm, en ekki endilega röng. Með þrjá varnarslagi myndu flestir passa til að byrja með og sjá til. En pass er ekki hnökralaust og gæti leitt til vandræða síðar. Segjum til að mynda að austur svari 1♠ með kröfugrandi og við því segi vestur 2♥ næst. Á norður nú að segja 3♦ eða gefast upp? Sem sagt, þótt innákoman sé vissulega á jaðrinum, er hún ekki röng. Hin ranga sögn er gerræðislegt stökk suðurs í 5♦ (sem kostaði -800 þegar 4♠ fara einn niður í AV). Venjuleg innákoma er blæðandi sögn (styrkur 8-17 HP) og *því verður að svara innákomum með innrammaðri sögn*—pressusagnir eru bannaðar. Hér átti suður átt að segja 4♦ (lýsandi) og leggja framhaldið í hendur makkers.

Í hnotskurn: Suður gaf pressusögn á móti blæðandi makker. Glæpur!

Uppruni: HM í Sao Paula 2009. Þýskaland & Ítalía í kvennaflokki. Ítalska konan Olivieri stökk í 5♦. Þeir sem spila á netinu vita að hún er góður spilari, sem segir þá sögu að skilningur á stöðum sem þessum sé ekki til staðar í toppbríds. Ekki ennþá.

Spil 5

Alþjóðamót á Ródós 2009.

Vestur gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ Á3
♥ 654
♦ KG1097
♣ G97

Vestur

♠ K7
♥ ÁKD109
♦ Á3
♣ ÁK102

Austur

♠ 9654
♥ 8732
♦ 8
♣ 8643

Suður

♠ DG1082
♥ G
♦ D6542
♣ D5

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥ ¹⁾	2 ♦	3 ♥ ²⁾	5 ♦
5 ♥	pass	pass	6 ♦
dobl	allir pass		

(1) 5+♥, getur verið mjög sterkt.

(2) Hindrun með fjórlit+ (0-5 HP).

Sagngreining: Einhverjir myndu nú telja hönd vesturs alkröfu viðri, en látum það liggja á milli hluta. Hver hefur sinn stíl. Og talandi um stíl þá er innákoman á 2♦ ekki að allra skapi. En í ljósi stöðunnar—utan gegn á—er hægt að fyrirgefa norðri léttleikann. Austur er svo hvergi banginn og meldar 3♥=fjórlitur og 0-5 HP. Maður gæti spurt sig hvort ástæða sé til að hindra á öfugum hættum, en höfum í huga að austur er ekki að hindra fyrst og fremst: *hann er að ramma sig inn* til að auðvelda makker sínum sagnir í framhaldinu. Stökk suðurs í 5♦ verður að teljast gott og gilt, ekki síður sagt til vinnings en fórnar. Hann á einfaldlega *of góð* spil í 4♦ (gefum norðri laufásinn í staðinn fyrir sjöuna og 5♦ eru á borðinu). En svo gerist það að vestur fer óvænt í 5♥ og sú sögn virðist slá suður út af laginu. Hann fer að ímynda sér eitt og annað, teikna upp stöður þar 5♥ vinnast og 6♦ eru góð fórn. Og lætur svo eftir sér það sem ekki má—*að segja tvisvar sömu söguna*.

Í hnotskurn: Suður reyndi að gera betur en vel, en eins og menn vita, þá fer oft verr en illa. Þetta heitir á ensku “second guessing” og er aldrei gott.

Uppruni: Grísk bridshátíð. Fantoni/Nunes voru í AV gegn heimamönnum.

Spil 6

Ródos, 2009.

Norður gefur. Enginn á hættu.

Norður

♠ DG654

♥ G

♦ KD5

♣ K743

Vestur

♠ Á

♥ K1086542

♦ Á92

♣ G9

Austur

♠ K

♥ D73

♦ 1064

♣ Á108652

Suður

♠ 1098732

♥ Á9

♦ G873

♣ D

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♠ ¹⁾	pass	4 ♠
5 ♥	pass	pass	pass

(1) Standard eða Precision eftir smekk

Sagngreining: Í Standard sýnir hástökk í fjóra við hálitarpun 6-10 HP og fimmlit. Ekki eru allir harðir á fimmta spilinu, en noti menn Bergen-hækkanir (sem eru mjög góðir rammar í Standard, en ekki eins þýðingarmiklir í Precison), þá er auðvelt að fylgja þessu skilyrði. Hér er það sjötti spaðinn sem þvælist fyrir suðri og kitlar hann til að segja einum meira—fara í 5♠. En það er rangt og ástæðan er tvíþætt: (a) suður er vel innan ramma, þrátt fyrir sjötta spaðann; (b) vestur hefur orðið að skjóta í myrkri og enn sem komið er veit enginn hvort hann hittir í mark eða ekki. Ef suður er gráðugur þá doblar hann 5♥ og tekur 300-kall, en passið er í lagi líka. (Þetta spil er erfðara fyrir Precison-spilara, sem leyfa stökk í fjóra með þrílitarstuðning og upp undir 13 HP. Fyrir þá er meira freistandi að segja 5♠, því stökkið í 4♠ var blæðandi og það bindur hendur norðurs við 5♥.)

Í hnotskurn: Eftir Standard-kerfinu er suður útmeldaður með 4♠ og ætti því ekki að segja sömu söguna tvisvar. Makker hans er húsbóndi og það verður að virða pass hans við 5♥.

Uppruni: Gísk bridshátíð á Ródos 2009.

Spil 7

Spingold 2009.

Norður gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ 1062
♥ 97
♦ ÁG10764
♣ G5

Vestur

♠ 4
♥ KDG63
♦ K9
♣ 108762

Austur

♠ KDG83
♥ 1082
♦ 3
♣ ÁK94

Suður

♠ Á975
♥ Á54
♦ D852
♣ D3

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	3 ♦	3 ♠	5 ♦
dobl	allir pass		

Sagngreining: Það veur athygli að norður opnar 3♦ með sexlit. Sögnin er sem sagt blæðandi. Utan hættu í fyrstu hendi er slíkt vissulega spilanlegt, en þá verður svarhönd að taka mið af því í sínum sögnum. Eitthvað hefur skort á slíka umræðu hjá NS, því stökk suðurs í 5♦ er því aðeins rétt að norður lofi góðum sjölit. Á móti hugsanlegum sexlit er nóg að segja 4♦. Í þessu spili næðu NS hámarksárangri með opnun á veikum 2♦ og stökki suðurs í 4♦ við innákomu austurs á 2♠. Þá þurfa mótherjarnir að giska vel til að lenda á löppunum, en 4♥ er eina geimsögn þeirra sem vinnst.

Í hnotskurn: Skortur á samhæfingu á stíl velur hér NS tjóni. Opnun norðurs á 3♦ er greinilega blæðandi, en suður tekur sögnina sem innrammaða.

Uppruni: Spingold 2009, undanúrslit. NS voru Platnick og Diamond. Sá síðarnefndi vakti á 3♦ á sexlitinn og Platnick stökk í fimm.

Spil 8

Spingold 2009.

Suður gefur. Enginn á hættu.

Norður

♠ Á97
♥ KG843
♦ 852
♣ Á4

Vestur

♠ K84
♥ 1062
♦ ÁKDG
♣ 853

Austur

♠ DG10632
♥ 7
♦ 1094
♣ D106

Suður

♠ 5
♥ ÁD95
♦ 763
♣ KG972

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	pass
1 ♦ ¹⁾	1 ♥	1 ♠	2 ♠ ²⁾
dobl ³⁾	pass	4 ♠	5 ♥
pass	pass	pass	

(1) Standard.

(2) Góð hjartahækkun.

(3) Spaðastyrkur.

Sagngreining: Tveggja-spaða sögn suðurs ónákvæm. Hann gat rammað sig nákvæmlega inn með splinter-stökki í 3♠ og hefði þá verið laus allra mála í framhaldinu. En norður er ekki saklaus. Hann á nægan varnarstyrk til að redobla 2♠. Þannig segir hann makker sínum tvo hluti í senn: Annars vegar að hann sé bara með fimmlit í hjarta (hann rýkur af stað með lengri lit), hins vegar að styrkurinn sé í NS og að AV muni ekki líðast að spila 4♠ ódoblaða. Hér fara 4♠ tvo niður og 300-kall er lágmarksuppbót fyrir geim á hættunni.

Í hnotskurn: Tvær ónákvæmar sagnir í upphafi verða til þess að suður lendir í tilvistarvanda og giskar í lokin. Alger óþarfi.

Uppruni: Spingold 2009. Nickell (suður) og Katz (norður) melduðu eins og að ofan er sýnt gegn Rubin og Ekeblad. Það er svo aukaatriði varðandi umræðuna að 5♥ unnust eftir hrikalega sljótt útspil Rubins—hann kom út með ♠D?!

Spil 9

Reykjavíkurmót í tvímenningi 1993.

Norður gefur. Allir á hættu.

Norður

♠ 752
♥ 10654
♦ G92
♣ G54

Vestur

♠ ÁKG10983
♥ ÁK3
♦ 64
♣ 7

Austur

♠ D64
♥ D98
♦ K53
♣ D1093

Suður

♠ --
♥ G72
♦ ÁD1087
♣ ÁK863

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	pass	pass	1 ♦ ¹⁾
4 ♠	pass	pass	5 ♣
dobl ²⁾	5 ♦	dobl	pass
pass	pass		

(1) Standard eða Precision.

(2) Innákoman var ekkert grín.

Sagngreining: Það eru forréttindi að melda á móti pössuðum makker. Þá eru allar hindranir blæðandi og takmarkast af því einu að ekki sé teljandi hætta á að missa geim eða slemmu. Þess vegna getur vestur leyft sér að stökkva í 4♠ með svo voldug spil. Hann metur það svo að slemma sé ólíkleg. Hér eykur hin háa innákoma áhættu andstöðunnar af frekari afskiptum, eins og sést þegar suður freistast í 5♣. Ekki þarf að hafa mörg orð um útreiðina í 5♦, en við skulum ekki gagnrýna suður um of—hann er í vonlausri stöðu, þarf einfaldlega að giska. Því skyldi hann veðja á pass frekar en dobl eða 5♣? Allt sem hann gerir eða gerir ekki er áhættunni markað.

Í hnotskurn: Hindranir virka best yfir blæðandi sögnum mótherjanna. Hér á suður óvenjulega opnun (og margt ósagt) og verður að giska upp á líf og dauða í næsta hring.

Uppruni: Gamalt Reykjavíkurmót í tvímenningi (1993).

Spil 10

Vanderbilt 2010.

Vestur gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ D43
♥ G1085
♦ K7
♣ G532

Vestur

♠ 109852
♥ K92
♦ 2
♣ ÁK108

Austur

♠ ÁKG6
♥ D64
♦ 103
♣ D964

Suður

♠ 7
♥ Á73
♦ ÁDG98654
♣ 7

Vestur	Norður	Austur	Suður
pass	pass	1 ♠ ¹⁾	2 ♦
4 ♦ ²⁾	pass	4 ♠	5 ♦
pass	pass	dobl	p/h

(1) Lofar fimmlit.

(2) Splinter.

Sagngreining: Í þriðju hendi á móti pössuðum makker má leika sér á ýmsan máta, en bæði þriðju handar opnanir á fyrsta þrepi og ofar eru blæðandi í báðar áttir. Hér opnar austur á fjórlit í spaða, fyrst og fremst til að vísa á gott útspil. Hann á aðeins 12 punkta og býst því alveg eins við að lenda í vörn. Nú er frumskylda passarans sú að ramma sig vandlega inn. Vestur gerir það vel og rækilega með 4♦. Síðan virðir hann réttilega ákvörðun austurs í framhaldinu, sem velur að dubla 5♦. AV standa sig sem sagt mjög vel, en hið sama verður ekki sagt um suður. Auðvitað átti hann að stökkva beint í 5♦ við 1♠. Með því að segja rólega 2♦ gaf hann vestri færi á að lýsa spilum sínum á þægilegan máta. Við sjáum í anda vandræði vesturs ef hann þarf að segja við 5♦ beint.

Í hnotskurn: Suður meldaði eins og kisa. Hann átti kost á 5♦ pressusögn (hann er líka á móti pössuðum makker og leyfist því blæðandi stökk), en valdi að leyfa andstæðingunum að ljúka sér af.

Uppruni: Úrslitaleikur Vanderbilt 2010. NS voru hinir frönsku Bessis-bræður, en AV Fleisher og Kamil. Fimm tíglar fóru tvo niður (300-kall). Á hinu borðinu fóru Helness & Helgmo í vonlausu 5♠ yfir 5♦, sem þó voru sagðir í “slow-motion”. Helness var að frekjast.

Spil 11

World Mind Games, Beijing 2008

Vestur gefur. Enginn á hættu.

Norður

♠ Á83
♥ 87
♦ KDG75
♣ 732

Vestur

♠ G107652
♥ Á6
♦ Á96
♣ 98

Austur

♠ D4
♥ KDG95432
♦ —
♣ Á65

Suður

♠ K9
♥ 10
♦ 108432
♣ KDG104

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♠ ¹⁾	pass	2 ♥ ²⁾	2 G ³⁾
pass	5 ♦	6 ♥	pass
pass	pass		

(1) Acol.

(2) Geimkrafa.

(3) Láglitir.

Sagngreining: Opnunin á 1♠ sýnir 12-20 punkta og svar austurs á 2♥ er krafa í geim. Maður skyldi halda nú væru AV viðbúinir hverju sem er. En ekki aldeilis. Þeir lenda í stökustu vandræðum og ástæðan er sú að hvorugur hefur rammað sig inn. Bæði opnunin á 1♠ og svarið á 2♥ eru blæðandi sagnir, sýna að vísu ákveðið lágmark í litarlengd og styrk, en ekkert hámark. Einmitt þess vegna svarar það kostnaði fyrir suður að blanda sér í sagnir. Stökk norðurs í 5♦ er svo hin dæmigerða pressusögn, sem uppfyllir skilyrðin þrjú: (1) makker hefur rammað sig inn; (2) andstæðingarnir hafa ekki ná innrömmun; (3) yfirsýnin, sem leiðir af (1) og (2), vísar á hinn rétta pressupunkt (=5♦), sem neyðir mótherjana til að giska. (Strangt tekið er innákoma suðurs ekki innrömmuð í punktastyrk, en sagnir AV hafa óbeint rammað suður inn sem veikan).

Í hnotskurn: Það er sjaldgæft að hægt sé að byggja upp pressustöðu þegar báðir mótherjar hafa náð að tjá sig. En það er þó til í dæminu ef sagnir beggja eru blæðandi—eins og hér. Því er það ómaksins vert fyrir suður að setja makker inn í myndina og gefa honum skotleyfi.

Uppruni: Hugaríþróttamótið 2008. Ítalirnir Fantoni og Nunes voru í NS gegn bresku Hackett-bræðrunum, Justin og Jason.

Spil 12

Beijing 2008.

Norður gefur. N-S á hættu.

Norður

♠ —
♥ KDG1062
♦ ÁK2
♣ DG72

Vestur

♠ ÁD986542
♥ 8743
♦ 10
♣ —

Austur

♠ KG107
♥ Á9
♦ G865
♣ K109

Suður

♠ 3
♥ 5
♦ D9743
♣ Á86543

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	1 ♥ ¹⁾	dobl	2 ♠ ²⁾
4 ♠	5 ♣	pass	pass
5 ♠	6 ♣	dobl	pass
pass	pass		

(1) Standard.

(2) Lágilitir.

Sagngreining: Þegar sagnir byrja “1♥—dobl” gerir suður sér grein fyrir því að hann mun ekki fá mörg tækifæri til að tjá sig—einspilið í spaða segir þá sögu. Vopnalaust væri skást fyrir suður að segja 2♣, en best væri auðvitað að geta sýnt báða lágliti í hvelli. Svo vill til að þetta tiltekna par bjó yfir slíkri sagnvenju: með 2♠ var suður að sýna báða lágliti. Frábært!

Í hnotskurn: Þegar sagnbarátta er í uppsiglingu ber að leita sagnar sem best rammar inn spilin —jafnframt skal hanna kerfið með það fyrir augum að auðvelda slíka innrömmun. Slík utanborðsvinna skilar sér margfaldlega.

Uppruni: Duboin og Sementa voru í AV gegn Írunum Carroll og Garvey. Baráttan upp í 6♣ kostaði 200-kall, en á hinu borðinu fengu Lauria & Versace að spila 4♠ (450), svo að Ítalir unnu 6 stig á spilinu, þrátt fyrir óhagstæðar hættur.

Spil 13

Íslandsmót í sveitakeppni, úrslit 2010.

Suður gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ Á53
♥ D54
♦ 6
♣ ÁG8763

Vestur

♠ K2
♥ ÁG10632
♦ DG9
♣ D5

Austur

♠ G108
♥ K987
♦ K87
♣ K109

Suður

♠ D9764
♥ —
♦ Á105432
♣ 42

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	2 ♠ ¹⁾
3 ♥	4 ♠	5 ♥	5 ♠
pass	pass	dobl	p/h

(1) Tartan: Minnst 5-4 í spaða og láglit, veikt.

Sagngreining: Er opnun suðurs á 2♠ innrömmuð eða blæðandi? Um það snýst málið. Gerum fyrst ráð fyrir því að opnun suðurs sé innrömmuð. Þá eftirlætur hann makker sínum húsbónda-valdið og þar með er stökk norðurs í 4♠ pressusögn, sem sagt blæðandi, ekki lýsandi. Í því tilfalli er 5♠-sögn suðurs stórsynd. Hann er að taka fram fyrir hendurnar á makker, taka síðustu ákvörðun yfir ágiskun austurs. En sé opnunin á 2♠ blæðandi (ef suður má eiga 6-5, 6-6 eða 7-5), þá ætti sögn norðurs á móti að vera lýsandi. Hann ætti sem sagt að láta 3♠ duga.

Í hnotskurn: Tartan-opnanir eru illa skilgreindar hjá íslensku spilurum, en í reynd virðast menn leyfa miklar skiptingar. Það skapar vandræði síðar. Vilji menn spila innrammaðar Tartan-opnanir má skiptingin ekki vera meiri en 5-4 eða 5-5. Jafnvel 6-4 er of mikið, því möguleikinn á sjötta hálitaspilinu skekkir mat makkers. Önnur pæling lýtur að hættunum. Suður er í fyrstu hendi, utan hættu. Í þeirri stöðu er til í dæminu að spila blæðandi hindranir og um það þarf hvert par að ræða.

Uppruni: Úrslit Íslandsmótsins 2010 (7. umferð, spil 12). Páll Valdimarsson var í suður, Ragnar Magnússon í norður, en AV Karl Sigurhjartarson og Sævar Þorbjörnsson. 5♠ fóru 3 niður, en hinum megin töpuðu AV 4♥.

Spil 14

Íslandsmót í sveitakeppni 2010

Norður gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ 104
♥ Á96432
♦ 832
♣ G8

Vestur

♠ 63
♥ 10
♦ ÁDG104
♣ ÁKD76

Austur

♠ ÁKD97
♥ G8
♦ K5
♣ 5432

Suður

♠ G852
♥ KD75
♦ 976
♣ 109

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	2 ♦ ¹⁾	2 ♠	4 ♥
4 G	pass	5 ♠	pass
6 ♠	allir pass		

(1) Multi: veikir tveir í öðrum hálitnum.

Sagngreining: Utan hættu getur norður leyft sér að opna á *multi* með slakan lit, en það breytir engu um innrammað eðli sagnarinnar. Það er í lagi að sveigja styrk og litargæði að stöðum og hættum, ef það grunnskilyrði er alltaf virt að sögnin lofi nákvæmlega sexlit. Hið innrammaða eðli *multi* gefur suðri pressuleyfi, sem hann nýtir sér vel með því að stökkva í 4♥. Aðstæður eru einstaklega hagkvæmar: Suður sér á sínum spilum að AV eiga alla vega geim, jafnvel slemmu, en veit líka að spaði er ekki endilega þeirra besti litur.

Í hnotskurn: Suður er í lykilstöðu fyrir pressusögn og velur nákvæmlega rétta átakspunktinn.

Uppruni: Úrslit Íslandsmótins í sveitakeppnin 2010 (spil 2, umferð 11). Í leik Verðbréfa og Fisk Seafood vakti Aðalsteinn Jörgensen á 2♦, Ásgrímur Jónsson kom inn á 2♠, Sverrir Ármannsson stökk í 4♥ og Jón Sigurbjörnsson í norður spurði um ása og keyrði í 6♠—einn niður. Hinum megin fengu Þorlákur Jónsson og Jón Baldursson frið til að melda í rólegheitum upp í grjóthörð 6♣. Sveifla upp á 16 impa.

Spil 15

Spingold 2009.

Suður gefur. N-S á hættu.

Norður

♠ 9876
♥ D6
♦ 98
♣ K10743

Vestur

♠ G10543
♥ 10
♦ Á4
♣ Á9865

Austur

♠ ÁKD2
♥ Á4
♦ KDG76
♣ G2

Suður

♠ —
♥ KG987532
♦ 10532
♣ D

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	—	—	3 ♥
3 ♠	pass	4 G	pass
5 ♥	pass	7 ♠	p/h

Sagngreining: Á suður að opna á 3♥ eða 4♥? Má vera að það sé spurning um stíl, en samkvæmt hefðbundnum viðmiðum er þetta frekar opnun á þremur, enda enginn varnarslagur á hendinni. En ef menn leyfa opnun á fjórum með slíka hönd þá gengur ekki að eiga þrjá efstu áttundu næst, eða ÁKG10 sjöunda og ás til hliðar. Báðar opnanir ættu að vera innrammaðar í þessari stöðu.

Í hnotskurn: Blæðandi hindranir eru aðeins notaðar á móti pössuðum makker (og hugsanlega í fyrstu hendi utan hættu).

Uppruni: Annars er athyglisvert að báðar hindranir hitta vel í mark í þetta sinn. Spilið kom upp í Spingold í fyrra milli sveita Lynch og Markowicz. Hér seilist vestur til að koma létt inn á 3♠ og það leiðir makker hans í alslemmu. Á hinu borðinu opnaði suður á 4♥, vestur passaði og sagði svo bara 4♠ við dobli makkers. Og sat þar fastur. Sem sagt: 7♠-1 á öðru borðinu og 4♠+2 á hinu.

Spil 16

Norðurlandamót 2009.

Norður gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ K10986
♥ K4
♦ G10543
♣ G

Vestur

♠ 754
♥ Á109832
♦ 2
♣ K32

Austur

♠ G32
♥ DG65
♦ KD8
♣ ÁD5

Suður

♠ ÁD
♥ 7
♦ Á976
♣ 1098764

Vestur	Norður	Austur	Suður
—	2 ♦ ¹⁾	2 G	4 ♣ ²⁾
4 ♥	pass	pass	5 ♣
dobl	5 ♦	dobl	p/h

(1) Wilkoz: 5+5+ í hálit og láglit; veikt.

(2) Leitandi.

Sagngreining: Wilkoz-hindrugin—5-5 í hálit og láglit—er strangt tekið ekki innrömmuð, því svarhönd hefur engan fastan punkt til að styðjast við. Eftir sem áður getur svarhönd beitt pressu-sögn, en þá er skilyrðið gott fitt við báða lágliti eða báða hálitu (eða þrjá liti). En þetta virðist vandmeðfarið. Hér pressar suður með 4♣, vitandi af fimmlit í láglit á móti. Vestur reynir 4♥ og þá sér suður að norður á spaða og fer að teikna upp hagstæð spil hjá makker sem gætu dugað í ellefu slagi.

Í hnotskurn: Suður pressar, en afléttir síðan pressunni með því að taka sjálfur síðustu ákvörðun, sem er ágiskun, byggð á teikningu.

Uppruni: Spilið er frá Norðurlandamótinu í fyrra. Jón Baldursson (í suður) og Þorlákur Jónsson gegn Norðmönnum Grötheim og Tundal.

Spil 17

Beijing 2008.

Vestur gefur. Enginn á hættu.

Norður

♠ —
♥ K82
♦ KG7652
♣ DG52

Vestur

♠ G9742
♥ ÁG95
♦ ÁD10
♣ 9

Austur

♠ ÁKD10865
♥ 74
♦ 943
♣ K

Suður

♠ 3
♥ D1063
♦ 8
♣ Á1087643

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♠	2 ♦	3 ♦ ¹⁾	pass
3 ♥	pass	3 G ²⁾	pass
4 ♠	allir pass		

(1) Góð hækkun í spaða.

(2) Slemmuáhugi.

Sagngreining: Þögn suðurs er skiljanleg, því líkur á lauffitti virðast litlar. Ef til vill óttast hann líka að norður taki 4♣ sem óbeinan stuðning við tígulinn og ekki vill hann koma þeirri hugmynd inn í koll makkers. Eftir sem áður er rangt að melda ekki. Hættan er líka minni en sýnist, því andstæðingarnir eru í fitti á hraðleið í 4♠ og nenna því varla að dubla lægri sagnir.

Í hnotskurn: Í sagnbaráttu er bráðnauðsynlegt að nota hvert hættulítið tækifæri til að gefa makker upplýsingar um spilin—til að ramma sig inn. Suður braut þá reglu.

Uppruni: Leikur Dana og Ítala í Kína 2008. Bilde og Morten voru NS gegn Sementa og Duboin. Hansen lét hjá líða að koma laufinu inn í myndina og Sementa fékk 10 slagi í 4♠. Á hinu borðinu náði suður að dubla fyrirstöðusögn austurs á 4♣ og norður gat þá sagt 5♣.

Spil 18

Íslandsmót í sveitakeppni 2009.

Suður gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ K6
♥ KG3
♦ DG1085
♣ G109

Vestur

♠ ÁG95
♥ ÁD108
♦ 7
♣ K652

Austur

♠ D4
♥ 9642
♦ 642
♣ Á874

Suður

♠ 108732
♥ 75
♦ ÁK93
♣ D3

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
—	—	—	pass
1 ♣ ¹⁾	2 ♦	pass	5 ♦
dobl	allir pass		

(1) Standard.

Sagngreining: Stökk norðurs í 2♦ er blæðandi sögn á móti pössuðum makker. Þar með hvílir sú skylda á suðri að ramma sig inn með réttri lýsingu. Hann má ekki taka völdin. Réttu lýsingin er 4♦.

Í hnotskurn: Suður gerðist sekur um að beita pressusögn gegn blæðandi makker. Slíkt má ekki.

Uppruni: Íslandsmót í sveitakeppni 2009.

Spil 19

Gömul bridshátíð.

Vestur gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ —
♥ ÁD
♦ DG5432
♣ KG1094

Vestur

♠ ÁK76
♥ 87432
♦ 10
♣ Á83

Austur

♠ DG532
♥ G106
♦ Á7
♣ 765

Suður

♠ 10984
♥ K85
♦ K986
♣ D2

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥	2 G ¹⁾	3 ♥	5 ♦
pass	6 ♦	allir pass	

(1) Láglitir.

Sagngreining: Til að sögn teljist innrömmuð verður hún að liggja á þröngu bili á báðum vígstöðvum, bæði hvað varðar *skiptingu og styrk*. Stíll íslenskra spilara er að skilgreina ekki styrk tvílita sagna. Afleiðingin af því er einföld: sögnin blæðir og svarhönd verður að melda með tilliti þess—það er að segja, gefa réttlýsandi sögn á móti, en ekki pressusögn. Suður á alls ekki nóg til að segja 5♦ til vinnings og ætti að láta duga að ramma sig inn með 4♦. Makker hans er húsbóndi í seríunni.

Í hnotskurn: Suður tók völdin og beitti pressusögn á móti blæðandi makker. Hækkun norðurs í slemmu er eðlileg miðað við stökkið í 5♦.

Uppruni: Gömul bridshátíð.

Spil 20

Tilbúningur.

Vestur gefur. A-V á hættu.

Norður

♠ ÁD9843

♥ 942

♦ 95

♣ 65

Vestur

♠ 76

♥ D10862

♦ K72

♣ Á74

Austur

♠ K105

♥ ÁG7

♦ ÁDG105

♣ G8

Suður

♠ G2

♥ K3

♦ 643

♣ KD10932

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
pass	2 ♠	2 G	3 ♠
dobl	pass	3 G	allir pass

(1) Veikir tveir í spaða.

Sagngreining: Opnun norðurs á 2♠ er kirifilega innrömmuð, lofar góðum sexlit. Það gefur suðri leyfi til að pressa. Hann velur að gera það, þrátt fyrir innrammaða sögn austurs, í þeim markvissa tilgangi að fipa leit andstöðunnar að hjartafitti. Á móti blæðandi hindrun væri slíkt auðvitað hreint glapræði, enda gæti opnari þá átt lélegan sexlit, jafnvel fimmlit.

Í hnotskurn: Suður tekur þriðja þrepið af mótherjnum með hnitmiðaðri pressusögn.

Uppruni: Tilbúið spil.